

**153. löggjafarþing 2022–2023.
Þingskjal 2228 — 1190. mál.**

Svar

forsætisráðherra við fyrirspurn frá Bergþóri Ólasyni um styrki og samstarfssamninga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða fyrirtæki og félagasamtök hafa notið styrks frá ráðuneytinu, undirstofnunum þess eða sjóðum á vegum ráðuneytisins eða undirstofnana þess eða gert samstarfssamning við þessa aðila frá 1. janúar 2017 þar til nú, þar sem samanlögð upphæð styrks eða fjárhæð í samstarfssamningi var 10 millj. kr. eða hærri? Svar óskast sundurliðað eftir árum, eftir því hvers eðlis styrkur eða samstarfssamningur var og eftir því hversu oft styrkur eða samstarfs-samningur var endurnýjaður.

Eftirfarandi tafla sýnir þá styrki og samstarfssamninga sem ráðuneytið hefur gert við fyrirtæki og félagasamtök frá 1. janúar 2017 til 1. júlí 2023, þar sem samanlögð upphæð styrks eða fjárhæð í samstarfssamningi var 10 millj. kr. eða hærri. Samningar og styrkir eru sundurliðaðir eftir árum, eftir því hvers eðlis styrkur eða samstarfssamningur var og eftir því hversu oft styrkur eða samstarfssamningur var endurnýjaður. Stofnanir sem heyra stjórnarfarslega undir ráðuneytið veittu hvorki styrki né gerðu samstarfssamninga sem spurt er um við fyrirtæki og félagasamtök á tímabilinu. Þá fengu ein félagasamtök styrk úr Jafnréttissjóði Íslands á tímabilinu þar sem samanlögð styrkfjárhæð náði fjárhæðarviðmiðinu.

Styrkþegi	2019	2020	2021	2022	2023	Samtals	Skýringar, verkefni
Samtökinn '78	15,0	37,5	39,0	40,0	55,0	186,5	Sérteik fræðsla, þjónusta og ráðgjöf er varða málefni hinsegin fólks. *
Stigamót	0,0	1,5	12,0	1,0	0,0	14,5	Netspjallíð Sjúkast. Sérteik fræðsla, forvarni.
Women Political Lead	10,0	10,0	10,0	10,0	10,0	50,0	Heimsþing kvenleidtoga, Women Political Leaders Global Forum.
Kvenréttindafélag Íslands	1,0	0,0	10,0	10,0	10,0	31,0	Sérteik fræðsla, ráðgjöf, námskeiðahald og upplýsingagjöf um jafnrétti kynjanna.
Félag kvenna í atvinnulifinu	5,0	5,0	5,0	2,0	2,0	19,0	Jafnvægisvögur, mælitækí til að hafa efurlit með stöðu og þróun kynjajafnréttis í stjórnun og framkvæmdastjórnunum íslenskra fyrritekja.
Lánatryggingasjóður Svanni	0,0	15,0	0,0	0,0	0,0	15,0	Styðja konur til nýsköpunar og þátttökum í atvinnulifinu með því að veita ábyrgðir á lánum samkvæmt samþykktum og lánareglum sjóðsins.
Samtals upphæðir í m.kr.	31,0	69,0	76,0	63,0	77,0	316,0	

Styrkir til fyrirtækja og félagasamtaka úr Jafnréttissjóði Íslands á tímabilinu þar sem samanlögð styrkfjárhæð var 10 millj. kr. eða hærri:

Styrkþegi	2019	2020	2021	2022	2023	Samtals	Skýringar, verkefni
Stigamót	0,0	0,0	5,0	0,0	0,0	5,0	Netspjallíð Sjúkast. Sérteik fræðsla, forvarni.
Stigamót	13,0	0,0	0,0	0,0	0,0	13,0	Annars vegar verkefnið Sjúkast, forvararátak um ofbeldi í nánum samböndum ungmenna og hins vegar verkefnið Bandamenn, námskeið fyrir karla sem vilja beita sér í baráttunni gegn ofbeldi gegn konum
Samtals	13,0	0,0	5,0	0,0	0,0	18,0	

* Þar af hefur Alþingi samþykkt tillögu fjárlaganefndar um tímabundið framlag til samtakanna á fjárlögum 2020 (20 millj. kr.), 2021 (20 millj. kr.), 2022 (24 millj. kr.) og 2023 (40 millj. kr.) eða samtals um 104 millj. kr.